

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir fjölbýlishús við Suðurbraut 2–4–4a, vegna lóðarinnar Hvaleyrrarbraut 3.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. ágúst 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir fjölbýlishús við Suðurbraut 2–4–4a, lóðin Hvaleyrrarbraut 3. Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóð færist til og stækkar, jafnframt hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar. Heimild verði fyrir 6 íbúðum á lóðinni. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 2. júní til 14. júlí 2020. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 18. september 2020.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**